

# Keppnis og mótsreglur

## Íslenska Pílukastsambandsins



Íslenska pílukastsambandið er fullgildur aðili að WDF

## Innihald

Regluverk móta á vegum Íslenska Pílukastsambandsins.....	3
Meðferð áfengis og annara vímugjafa.....	4
Klæðnaður.....	4
Salernisferðir.....	4
Almennar leikreglur.....	5
Agareglur.....	7
Skrifarareglur.....	9

## Regluverk móta á vegum Íslenska Pílukastsambandsins

**Þessar reglur gilda á öllum mótum á vegum Íslenska Pílukastsambandsins hér eftir skamstafað Í.P.S.**

Settur yfirdómari annast framkvæmd allra atriða á mótstað með hjálp mótisstjórnar.

Yfirdómari skal fylgja þessum reglum, en tekur sjálfur ákvarðanir um skipulagningu atriða sem ekki er fjallað um í reglunum, með WDF reglur til hliðsjónar.

Yfirdómari ásamt mótisstjórn ber ábyrgð á því að þátttakendur fari eftir keppnisreglum. Sé vafi á túlkun reglanna eða upp rísi ágreiningur um framkvæmd mótsins eða ákvarðanir mótisstjórnar skal slíku vísað til stjórnar Í.P.S.

Ekki er rétt að stjórnarmaður hlutist til um mál sem hann sjálfur á aðild að, mótstjórn á staðnum mun þá taka það mál upp.

Hér verður farið yfir nokkrar reglur en ávallt skal hafa WDF reglur til hliðsjónar EF ekki er farið yfir regluna hér:

## Meðferð áfengis og annara vímugjafa

- Öll meðferð áfengis er bönnuð á keppnissvæði, á keppnissvæði eru reykingar og önnur vímuefni stranglega bönnuð, og meðferð matar og drykkjar annað en vatn frá mótshaldara ekki leyft á keppnissvæði.
- ÍPS áskilur sér rétt til þess að gera lyfjapróf á keppendum hvenær sem er á mótí án nokkurs fyrirvara.
- ÍPS fylgir lyfjareglum WADA
- Sé einstaklingur áberandi ölvuð/ölvaður áskilur ÍPS sér rétt til þess að vísa einstaklingi frá mótstað. Þetta á bæði við um keppendur, gesti og áhorfendur. Þetta gildir á mótstað öllum.

## Klæðnaður

- Keppendur skulu fara eftir reglum um klæðnað frá WDF þegar keppt er á sviði en á gólfi er snyrtilegur klæðnaður æskilegur.

## Salernisferðir

- Ekki er leyfilegt að fara á salernið nema í undartekningartilvikum.
- Þetta frávik er EINGÖNGU ætlað til salernisferða. EKKI má fá sér sopa af áfengum eða óáfengum drykkjum eða neita annarra vímugjafa (þar með talið sígarettur og rafsígarettur).

## Almennar leikreglur

- Gerist það að einstaklingur byrji legg sem hann/hún átti ekki að byrja, skal leikur stoppaður og sá leggur byrjaður upp á nýtt. Keppandi sem um ræðir fær áminningu.

Ef leggur hefur hinsvegar verið kláraður standa úrslit leggsins.

Gerist þetta aftur í sama leik, að sami leikmaður eða annar leikmaður frá þessu pari/liði hefji leik sem hann/hún átti ekki að byrja mun sá leggur tapast.

- Hver leikmaður fær 6 pílur í upphafi, áður en leikur hefst.
- Í leikjum sem hafa fyrirfram ákveðið hlé fær leikmaður 3 æfingarpílur eftir að hléi líkur.
- Á Íslandsmótum skulu keppendur vera mætir og búnir að greiða keppnisgjald í síðasta lagi 30 mín áður en að keppni hefst, sé keppandi ekki mættur verður hann/hún afskráður úr keppni en verður samt rukkaður um keppnisgjald. Keppandi fær ekki að taka þátt í mótum á vegum Í.P.S fyrir en gjaldið hefur verið greitt. Gerist þetta aftur fær keppandi ekki að taka þátt í Í.P.S mótum næstu 3 mánuði.
- Sé keppni tímasett skal keppandi skal mæta á dómaraborð 10 mín fyrir leik. Ekki er kallað upp, né leitað af fólki. Mæti keppandi ekki á tilskildum tíma telst sá leikur tapaður. *Sé spilað í riðlum er keppandi ennþá inn í leik, en í útslætti er hann úr keppni.*
- Gefi keppandi legg eða leik er hann alveg úr keppni, og málið vísað til stjórnar Í.P.S. Sem síðan ákveður hvort viðkomandi einstaklingur fari í keppnisbann eða ekki skv. WDF reglur.
- Ekki má yfirgefa keppnissal meðan á leik stendur, tapast sá leikur sem umræðir og einstaklingi verður vísað frá keppni.



## Agareglur

- Einstaklingur sem hefur í frammi ofstopa, í kjölfar tapleiks eða annars mótlætis, t.d. með því að grýta frá sér pílum, skeytir skapi sínu á húsgögnum eða á annan hátt veldur tilfinningalegu ónæði eða hættu skal áminntur.
- Einstaklingur sem vísvitandi er með læti eða truflun skal áminntur.
- Einstaklingur sem er með ólæti og hávaða í leik skal áminntur.
- Ávallt skal gæta þess að þegar margir eru að spila á sama svæði geta öskur/fagnaðarlæti haft áhrif á hina keppenduna, á keppnissvæði skal hávaði því vera í lágmarki.
- Sá brotlegi fær 2 áminningar, sé það ekki nóg skal dæma hann/hana til að yfirgefa mótstað og máli hans vísað til stjórnar ÍPS.

Komi þetta upp aftur er stjórn ÍPS heimilt að útiloka einstakling frá mótum á vegum ÍPS í allt að 6 mánuði. ÍPS er skylt að ígrunda atvikið og ástæðu gaumgæfilega afhverju einstaklingur fari í keppnisbann.

- Ævinlega skal þess gætt að leikmenn verði ekki fyrir ónæði. Verði brot á reglum þessum eða öðrum sjálfsögðum reglum um hegðun og framkomu er yfirdómara heimilt að vísa einstaklingi af/frá svæðinu.
- Áhorfendur eru leyfðir á mótum ÍPS en mótsstjórn hefur rétt til þess að vísa þeim af keppnissvæði, sé svo metið að pláss sé ekki nægilegt. Áhorfendur skulu með öllu fylgja agareglum ÍPS.
- Áhorfendur skulu bera virðingu fyrir keppendum og ævinlega gæta þess að leikmenn verði ekki fyrir ónæði með því að vera með hávaða/læti sem túlka má sem truflun. Þegar keppandi er á línu skal passa að hafa sem mesta þögn. Fagna/hvetja má keppanda þegar hann gengur frá línu og sækir pílurnar sínar og/eðasnýr/gengur til baka. Síðan skal vera sem mest hljóð þegar næsti keppandi er kominn á línu.

- Áhorfendum er ekki leyft að kasta pílum á keppnissvæði. Einstaklingur sem ekki er skráður til keppni telst vera áhorfandi.
- Áhorfandi eða annar keppnismaður má EKKI aðstoða spilara við útreikning, s.s. hvert á að kasta og svo frv.



## Skrifarareglur

1. Skrifari er dómari leiksins og skal ávallt vera hlutlaus í garð keppenda.
2. Skrifari á að snúa að spjaldi, vera sem mest kyrr og er óheimilt að tala að óþörfu eða að horfa á keppendur meðan á leik stendur. Og gæta þess að spilarar hafi óhindraða sýn á skorblaðið.
3. Skrifari má ekki tala við leikmenn NEMA aðspurður, skrifari má ekki segja leikmanni í hvaða tölu, og/eða tölur hann á að kasta. Aðspurður skal skrifari að gefa upp hvað skorað hefur verið eftir 1-2 eða 3 pílur og hvað stendur eftir.
4. Keppandi má ekki reikna fyrir skrifara heldur á að bíða þar til skrifari hefur reiknað út skor eða það sem eftir stendur. Alltaf skal skor skráð. Keppandi skal gera athugasemd við skor áður en pílur eru teknar/fjarlægðar úr spjaldi. Ef pílur hafa verið teknar úr áður en skrifari nær að reikna, þá fær keppandi 0 stig í því kasti. Það er skylda keppanda að tryggja að skrifari sé með rétt skor ÁÐUR en hann/hún tekur pílurnar út úr spjaldinu.
5. Geri skrifari reiknivillu skal hún leiðrétt ÁÐUR en að keppandi kastar fyrstu pílu í næsta kasti. Eftir það stendur það sem skráð var.
6. Þegar búllað er: Ef skrifari er óviss um hvor pílan er nær skal búllað aftur og þá í öfugri röð. Í tvímenning er það fyrrnefndur í pari sem búllar, alltaf.
7. Ef upp koma stærri vandamál eiga leikmenn ekki að leysa úr þeim inni í sal þar sem það getur haft truflandi áhrif á aðra leiki. Skrifari skal fara með keppendur afsíðis. Ef skrifari getur ekki leyst úr þeim skal kalla til yfirdómara.
8. Sé leikmaður úr leik þá skrifar hann/hún leik áður en farið er af svæðinu. Ef einstaklingur fer án þess að skrifa leik skal hann fara í keppnisbann í næstu ÍPS keppni. Keppendur hafa heimild til þess að finna sambærilegan

skrifara fyrir sig en skal sá einstaklingur vera samþykktur af mótstjórn/yfirdómara til þess að það teljist gilt.